

**Stjórnarfundur Félags Háskólakennara á Akureyri**  
**Mánudaginn 1. Desember 2008 kl 11:45-13:00**

Mætt: Kjartan Ólafsson, Hafdís Skúladóttir, Arnheiður Eypórsdóttir, Páll Björnsson.

**1. Kjaramál og uppsagnir í haust**

Þann 1. September 2008 var haldinn stjórnarfundur FHA með fulltrúum prófessora þar sem ákveðið var að kanna lögmæti uppsagna kennara í tölvunarfræði þar sem 6 manns var sagt upp en þar af voru 4 endurráðnir. Kjartan kynnti fyrir stjórnarmönnum að haft hefði verið samband við BHM vegna þessa og reyndust uppsagnimar vera löglegar. Einnig var stjórnendum HA send ályktun þar sem m.a. var lögð áhersla á að fastráðnum starfsmönnum verði ekki sagt upp nema þeim verði með engu móti fengin önnur verkefni innan skólans. Einnig að þegar um uppsagnir er að ræða þá verði öllum þeim sem sagt var upp gefinn kostur á að sækja um og þá miðað við almennar akademiskar hæfniskröfur.

**2. Mögulegar aðgerðir FHA vegna efnahagsástandsins**

Umræða var um hvað gera ætti vegna inneignar FHA í íslenskum verðbréfum (ÍV). Stór hluti inneignar félagsins var settur þar vegna athugasemdar frá félagsmönnum á aðalfundinum þann 31. maí 2006. Í framhaldi af því kom Ottó B. Ottósson frá ÍV á stjórnarfund þann 6. mars 2007 og kynnti helstu kostina. Rætt var að fá fulltrúa frá ÍV á stjórnarfund til að fá upplýsingar um stöðuna.

Umræða var um mögulegar aðgerðir FHA vegna efnahagsástandsins í landinu og hafði komið fram tillaga frá félagsmanni hvort hægt væri fyrir félagsmenn að sækja um styrki til námssjóðs vegna námskeiðs sem maki félagsmanna hefði sótt eftir að hafa verið sagt upp störfum í kjölfar efnahagsástandsins. Mikilvægt er fyrir þá sem hafa misst vinnuna að sækja námskeið. Samþykkt var að leyfa slíkar umsóknir þar til næsta stjórn FHA tekur við eftir næsta aðalfund.

**3. Skipan háskólaráðs**

Kjartan kynnti fyrirkomulag og aðdraganda skipana í háskólaráð.

**4. Námssjóður**

Tvær umsóknir höfðu borist í námsjóðinn og verða afgreiddar fljótlega.

**5. Nýr vefur FHA**

Verið er að vinna að nýjum vef fyrir FHA í samvinnu við Stefnu.

**6. Önnur mál**

Umræða var um Hreyfisalinn og fyrirspurn frá nemendum um styrk til að kaupa filmu fyrir gluggana svo að iðkendur þar inni séu minna sýnilegir. Þeim var veittur styrkur.

Fyrirspurn kom frá Páli um hvort búið væri að gera upp við starfsmenn skólans þegar stjórnunarskylda var minnkuð úr 6% í 4% og síðan aftur í 6%.

Ákveðið var að nota næsta aðalfund m.a. til að kveðja Þóri, fyrrverandi formann FHA til margra ára.

Hafdís Skúladóttir ritaði fundargerð